



## FRÉTTATILKYNNING

Ellefti landsfundur Samtaka um kvennalista verður haldinn að Löngumýri í Skagafirði dagana 5. til 7. nóvember 1993.

Aðalefni landsfundar er kjarabaráttu kvenna og nýsköpun í atvinnumálum. Leitað verður svara við spurningunni hvort verkalyðshreyfingin í núverandi mynd sé nothæf fyrir konur. Atvinnuátaksverkefni kvenna verða kynnt og rætt um nýsköpun starfa og atvinnuhorfur almennt. Á fundinum verða lagðar fram tillögur til breytinga á lögum og starfsreglum samtakanna. Á laugardagsmorgun munu landsfundarkonur skipa sér í hópa til þess að ræða landbúnaðar-, sjávarútvegs-, atvinnu- og ríkisfjármál. Niðurstöður hópavinnunnar verða kynntar síðar um daginn.

Ástæða er til að vekja athygli á erindi Maríu Jóhönnu Lárusdóttur, Flökkusögnum um kvennahreyfingar, á föstudagskvöld. Landsfundur hefst klukkan 20 á föstudagskvöld og stendur til klukkan 14 á sunnudag. Landsfundurinn er opinn öllum Kvennalistakonum.

Frekari upplýsingar veitir Þórunn Sveinbjarnardóttir í s. 13725.  
ATH. DAGSKRÁ LANDSFUNDAR Á NÆSTU BL.S.